

Fundargerð

Laga- og leikreglanefnd KSÍ



FUNDUR	Fundur laga- og leikreglanefndar KSÍ
DAGS.	29. janúar 2024 (Kl. 14:00)
STAÐSETNING	Klúbburinn - KSÍ
FUNDARMENN	Sigfús Ásgeir Kárason formaður, Kolbrún Arnardóttir, Gísli Gíslason, Lee Ann Maginnis (yfirgaf fund kl. 14:30) og Haukur Hinriksson starfsmaður. Fjarverandi: Margrét Hafsteinsdóttir

DAGSKRÁ	Yfirferð á tillögum sem borist hafa vegna ársþings KSÍ 2024
----------------	---

UMRÆÐUEFNI, AÐGERÐIR OG ÁKVARÐANIR

1.

Dagskrá:

- Yfirferð á tillögum sem borist hafa fyrir ársþing KSÍ 2024.

Hlutverk laga- og leikreglanefndar vegna tillagna sem borist hafa fyrir knattspyrnuþing, skv. 11. grein laga KSÍ er eftirfarandi:

Tillögur að laga- og/eða reglugerðarbreytingum sem óskað er eftir að teknar verði fyrir á knattspyrnuþingi, skulu sendar stjórn KSÍ minnst mánuði fyrir þingsetningu. Tillögurnar skulu yfirfarnar af laga- og leikreglanefnd KSÍ. Laga- og leikreglanefnd ber að láta kanna hvort tillögurnar samræmist lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá skal laga- og leikreglanefnd KSÍ gefa þeim, sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, kost á að koma fram með athugasemdir við tillöguna.

Tillögur sem borist hafa fyrir ársþing KSÍ 2024

Tekið skal fram að tillögur sem lagðar verða fram af stjórn KSÍ á ársþingi 2024 voru unnar af laga- og leikreglanefnd. Nefndin mun því ekki fjalla um þær tillögur sérstaklega.

Tillaga nr. 1 (Lög KSÍ – Hæfisreglur. Stjórn KSÍ):

Tillaga þessi er lögð fram af stjórn KSÍ. Nefndin vekur athygli á því að breytingartillaga þessi gengur lengra en breytingartillaga sem ÍTF leggur til á sömu grein laganna.

Tillaga nr. 2 (Lög KSÍ – Hæfisreglur. Stjórn ÍTF):

Tillaga þessi er lögð fram af stjórn ÍTF. Nefndin vísar til umfjöllunar við tillögu nr. 1.

Tillögunni vísað til umfjöllunar í stjórn KSÍ.

Tillaga nr. 3 (Lög KSÍ – Dagskrá ársþings. Þróttur Vogum):

Nefndin fór yfir tillögu að breytingu á grein 13.1 í lögum KSÍ. Tillagan varðar það að á ársþingi sé lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaðir reikningar, fjárhagsáætlun og starfsáætlun ÍTF. Sömuleiðis að fram fari umræður um framlögð gögn.

Nefndin telur að samþykkt tillögunnar fái ekki fullt gildi nema með samþykki ÍTF. Starfsemi ÍTF taki ekki nema til hluta félaga sem mynda KSÍ. Ekki verður séð að ársþing KSÍ geti lagt skyldur á sjálfstætt félag, þó svo að hluti aðildarféлага KSÍ séu aðildarfélög ÍTF.

Tillögunni vísað til umfjöllunar stjórnar KSÍ.

Tillaga nr. 4 (Ályktunartillaga – Varalið í mfl. kvenna. Stjórn KSÍ):

Tillaga þessi er lögð fram af stjórn KSÍ og felur í sér breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sem nefndin hefur aðstoðað við uppsetningu á. Nefndin telur því ekki ástæðu til að fjalla um tillöguna sérstaklega. Nefndin tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni, að ef tillagan verður samþykkt, þá þurfi að skoða breytingar á öðrum reglugerðum samhliða.

Tillaga nr. 5 (Ályktunartillaga – Réttindatekjur og þáttökugjöld. Stjórn ÍTF):

Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar um breytingu á greinum 13 og 23 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Lagt er til að stjórn KSÍ geri aðeins tillögu að þáttökugjöldum í mótum á vegum KSÍ ár hvert en ákveði þau ekki. Lagt er til að tillögur stjórnar KSÍ um þáttökugjöld verði lagðar fyrir ársþing KSÍ til samþykktar samhliða fjárhagsáætlun.

Annað sem tillagan tekur til varðar tekjur sem verða til vegna sjónvarpsréttinda, markaðsréttinda, nafnaréttinda og annarrar markaðssetningar í bikarkeppni karla. Núgildandi grein 23.2.10. gerir ráð fyrir að umræddar tekjur skiptist á milli félaga að frádregnum kostnaði við keppnina. Í ályktunartillögur er lagt að frádráttur vegna kostnaðar KSÍ við keppnina skuli aldrei nema meira en 25% af tekjum að meðtöldum þáttökugjöldum sem félög greiði.

Nefndinni þykir óljóst hvað átt sé við þegar sagt er að kostnaður KSÍ sem komi til frádráttar tekjum bikarkeppninnar skuli aldrei nema meira en 25% af tekjum keppninnar „að meðtöldum þáttökugjöldum sem félögin greiða“.

Rétt þykir að benda á að ekki er í tillögu gert ráð fyrir sambærilegu fyrirkomulagi vegna bikarkeppni í mfl. kvenna í grein 29.2.6. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Tillögunni vísað til umfjöllunar í stjórn KSÍ og fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ.

Tillaga nr. 6 (Ályktunartillaga – Fjöldi varamanna í mfl. Stjórn ÍTF):

Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar er varðar fjölda varamanna og annarra starfsmanna á leikskýrslu í keppni mfl.

Nefndin telur að meta verði sérstaklega og hafa í huga áhrif slíkrar tillögu á mannvirki og knattspyrnuleikvanga. Hafa þarf í huga breytingar sem tillaga þessi kann að kalla á í reglugerð um knattspyrnuleikvanga, t.d. vegna skilyrða til fjölda sæta í búningsklefum og í varamannaskýlum.

Þá leggur nefndin til að könnuð verði ákvæði í leyfisreglugerð sem breyting getur haft áhrif á.

Tillögunni er vísað til stjórnar KSÍ, knattspyrnu- og þróunarnefndar, mótanefndar, dómaranefndar og mannvirkjanefndar KSÍ til umfjöllunar.

Tillaga nr. 7 (Ályktunartillaga – Leikmanns- og sambandssamningar – Stjórn KSÍ):

Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Tillagan varðar m.a. skilgreiningu á stöðu áhugaleikmanns (amateur) og skilgreiningu á áhugamannasamningi (sambandssamningi). Sömuleiðis er lagt til að leikmannssamningur (professional) verði skilgreindur sem launþegasamningur. Einnig er í greinargerð sem fylgir tillögu gert ráð fyrir að sett verði viðmið fyrir lágmarkslaun leikmanna í efri deildum Íslandsmóts í mfl. og sömuleiðis skylduáðild leikmanna í Leikmannasamtök Íslands.

Að mati nefndarinnar kann efni tillögunnar að auka kröfur til að einstakra félaga verulega. Sömuleiðis telur nefndin að ekki megi skylda leikmenn aðildarféлага til félagsaðildar hjá þriðja aðila, sbr. t.d. 2. mgr. 74. stjórnarskrár (engan má skylda til aðildar að félagi). Einnig telur nefndin að efni tillögu, nái það fram að ganga, gangi gegn samningsfrelsi á milli félaga og leikmanna.

Tillögunni vísað til umfjöllunar hjá stjórn KSÍ, fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ, samninga- og félagaskiptanefnd og knattspyrnu- og þróunarnefnd.

Tillaga nr. 8 (Ályktunartillaga – Leikmannssamningar í 2. deild kvenna. Haukar):

Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar um að leyfa skuli gerð leikmannssamninga á milli félaga og leikmanna í 2. deild kvenna.

Nefndin gerir engar athugasemdir við framsetningu tillögu. Efni tillögu hefur bein áhrif á það hvernig félagaskiptagluggum er skipt upp í Íslandsmótum meistaraflokka. Ljóst er að skipta þarf félagaskiptagluggum með öðru fyrirkomulagi en nú gildir um 2. deild kvenna ef leikmannssamningar verða heimilir í þeirri deild.

Tillögunni vísað til umsagnar hjá stjórn KSÍ, samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ og knattspyrnu- og þróunarnefnd.

Tillaga nr. 9 (Ályktunartillaga – Framkvæmd leyfiskerfis. Stjórn KSÍ):

Í ályktunartillögu er ekki gert ráð fyrir reglugerðarbreytingu og telur nefndin því ekki ástæðu til að fjalla um tillöguna sérstaklega.

Tillaga nr. 10 (Ályktunartillaga – Lánareglur. Móðurfélag og dótturfélag. Stjórn ÍTF):

Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar um breytt fyrirkomulag á reglum um lán á leikmönnum. Ályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir að heimildir fyrir tímabundin félagaskipti, lán á leikmönnum, sé rýmkað til muna fyrir íslenska leikmenn 23 ára á yngri. Nánar tiltekið gerir tillagan ráð fyrir að tvö félög (móðurfélag og dótturfélag) geti gert sín á milli samstarfssamning. Slíkur samningur geti gert móðurfélagi kleift að skila lista með 7 leikmönnum inn til KSÍ og er leikmönnum á þeim lista heimilt að spila með báðum félögum, með þeirri takmörkun að ef leikmaður á lista byrjar leik með móðurfélagi, þá getur hann ekki spilað næsta leik með dótturfélagi. Tillagan gerir ráð fyrir að móðurfélag og dótturfélag megi ekki vera í sömu deild. Þá gerir tillagan ráð fyrir að hægt verði að gera breytingar á listanum með tilteknum hætti yfir tímabilið. Fram kemur í tillögunni að ekki sé um eiginleg félagaskipti að ræða og að leikmenn sem nýttir eru með þessum hætti séu ekki gjaldgengir til þátttöku í UEFA keppnum á sama tímabili.

Nefndin telur að skoða þurfi efni tillögunnar með mikilli varfærni. Ljóst er að efni tillögunnar gangi bersýnilega gegn skylduákvæðum úr FIFA reglugerð sem aðildarsamböndum FIFA ber að innleiða vegna innlendra móta. Að mati nefndarinnar samræmist tillagan ekki lagaákvæðum og skuldbindingum knattspyrnusambandsins. Þá gengur tillagan gegn fyrirkomulagi og breytingartillögum um nýjar lánsreglur sem þegar hafa verið lagðar fyrir stjórn KSÍ og sendar til umsagnar bæði hjá ÍTF og LSÍ.

	<p>Tillögunni vísað til umsagnar hjá stjórn KSÍ, knattspyrnu- og þróunarnefnd og samninga- og félagaskiptanefnd.</p> <p>Tillaga nr. 11 (Ályktunartillaga – Sumarfrí leikmanna. LSÍ): Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar um sumarfrí leikmanna. Ekki er um að ræða tillögu um breytingu á reglugerð og mun nefndin því ekki fjalla um efni tillögunnar sérstaklega.</p> <p>Tillögunni vísað til umfjöllunar í stjórn KSÍ, knattspyrnu- og þróunarnefnd og mótanefnd KSÍ.</p> <p>Tillaga nr. 12 (Ályktunartillaga – Dómstólar. Stjórn ÍTF.): Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar um dómstig innan KSÍ. Ekki er um að ræða tillögu um breytingu á reglugerð og mun nefndin því ekki fjalla um efni tillögunnar sérstaklega.</p> <p>Tillögunni vísað til umfjöllunar í stjórn KSÍ.</p> <p>Tillaga nr. 13 (Ályktunartillag - Tímasetning ársþings. Stjórn ÍTF): Nefndin fór yfir tillögu til þingsályktunar um tímasetningu ársþings KSÍ. Ekki er um að ræða tillögu um breytingu á reglugerð og mun nefndin því ekki fjalla um efni tillögunnar sérstaklega.</p> <p>Tillögunni vísað til umfjöllunar í stjórn KSÍ og fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ.</p>
3.	<p>Nefndin samþykkir að fela Hauki, starfsmanni nefndarinnar, að koma athugasemdum og bókunum laga- og leikreglanefndar við framkomnar tillögur til viðeigandi félaga/aðila. Þá skal tilgreindum tillögum komið áfram til þeirra aðila sem hafa með viðkomandi málefni að gera innan KSÍ, og þeim gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við tillögurnar.</p> <p>Samþykkt var að viðeigandi aðilum verði veittur frestur til kl. 12:00 miðvikudaginn 7. febrúar nk. til að koma fram með athugasemdir við tillögur. Athugasemdir verði í kjölfarið birtar aðildarfélögum opinberlega ásamt tillögum eigi síðar en hálfum mánuði fyrir ársþing.</p> <p>Fundið slitið kl. 15:30</p>
Dagsetning næsta fundar:	
Óráðið	